

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXII. árgangur.

3. hefti.

1992

Fimmtudaginn 17. september 1992.

Nr. 411/1991. **Pétur Þór Sigurðsson**

gegn

Kjartani Reyni Ólafssyni

og gagnsök.

Kærumál. Fjárnám. Framsal kröfu. Skuldajöfnuður. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Garðar Gíslason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. október 1991, og varnaraðili gagnáfrýjaði úrskurði héraðsdóms til staðfestingar með stefnu 21. nóvember sama ár að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Við kærumeðferð málsins krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og synjað verði um framgang aðfarargerðarinnar. Hann krefst kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti og málskostnaðar í héraði. Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af gögnum málsins verður ekki annað séð en þar greindur hæstaréttardómur með árituðu framsali kröfunnar til varnaraðila hafi verið sendur fógeta með fjárnámsbeiðninni 2. apríl 1991. Hafa því síðari yfirlýsingar um skuldajöfnuð við Sigurjón Ragnarsson ekki þýðingu. Með vísan til þessa og forsendna hins kærða úrskurðar að öðru leyti ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað fyrir Hæstarétti, 20.000 krónur, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Pétur Þór Sigurðsson, greiði varnaraðila, Kjartani Reyni Ólafssyni, 20.000 krónur í kærumálskostnað.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Aðilar máls þessa eru báðir starfandi lögmenn. Svo er að sjá sem varnaraðili hafi sent fógeta fjárnámsbeiðni sína án þess að hafa fyrir því að gera sóknaraðila viðvart eða kynna honum áður með öðrum hætti, að greiða ætti kröfuna til sín. Frá beiðninni var og gengið á þann veg, að umboðsmaður varnaraðila fyrir fógetaréttinum sá ástæðu til að lýsa þar yfir breytingu á henni. Framganga varnaraðila í málinu var því ekki svo markviss sem verða mátti, og voru þessir þættir hennar meðal ástæðna þess, að málinu var skotið til Hæstaréttar. Með tilliti til þessa sé ég ekki ástæðu til að sinna kröfu varnaraðila um málskostnað, en að öðru leyti er ég samþykkur niðurstöðu annarra dómenda.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 18. júlí 1991.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 10. júlí 1991.

Gerðarbeiðandi er Kjartan Reynir Ólafsson hrl., Háaleitisbraut 68, Reykjavík.

Gerðarþoli er Pétur Þór Sigurðsson, kt. 290354-4479, Klyfjaseli 18, 109 Reykjavík.

Gerðarbeiðandi, er gerir kröfu um, að gert verði fjárnám í eignum gerðarþola til tryggingar dómskuld, að fjárhæð 35.000 kr., 8.575 kr. í virðisaukaskatt, 250 kr. í dómsútskrift, 3.282 kr. í ritun fjárnámsbeiðni, þ. m. t. vsk., auk alls kostnaðar við fjárnámsgjörðina og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Gerðarþoli gerir þá kröfu, að fjárnámsbeiðni gerðarbeiðanda verði ekki tekin til greina og honum verði gert að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, sem beri dráttarvexti skv. III. kafla laga 25/1987, að liðnum 15 dögum frá uppkvaðningu úrskurðar til greiðsludags.

Málavextir.

Með fjárnámsbeiðni, dags. 2. apríl 1991, fór Kjartan Reynir Ólafsson hrl. þess á leit við fógetarétt Reykjavíkur, að gert yrði fjárnám hjá Pétri

Þór Sigurðssyni til tryggingar skuld, að fjárhæð 35.000 kr., auk áfallins og áfallandi kostnaðar. Aðfararheimild sú, sem að baki kröfunni liggur, er dómur Hæstaréttar í málinu nr. 333/1990: Sigurjón Ragnarsson gegn Pétri Þór Sigurðssyni. Samkvæmt dómsorðinu skyldi Pétur Þór Sigurðsson greiða Sigurjóni Ragnarssyni 35.000 kr. í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Hinn 26. mars 1991 framseldi Sigurjón Ragnarsson Kjartani Reyni Ólafssyni hrl. allar kröfur skv. dómnum og heimilaði honum að reka málið áfram í sínu nafni. Framsal þetta er ritað á dóminn.

Gerðarþoli reisir kröfu sína í málinu á því, að ofangreint framsal sé sýndargerningur, og bendir á, að í fjárnámsbeiðni gerðarbeiðanda, sem sé dagsett, eftir að framtalið hafi átt að eiga sér stað, komi skýrt fram, að gerðin skuli fara fram á ábyrgð umbjóðanda hans, sem sé Sigurjón Ragnarsson. Gerðarþoli telur sig eiga skuldajafnaðarkröfu á Sigurjón Ragnarsson, sbr. fram lögð gögn, og þar sem Sigurjón sé að hans mati gerðarbeiðandi í málinu, eigi sá skuldajöfnuður að ná fram að ganga, sbr. 3. mgr. 20. gr. laga nr. 19/1887.

Viggó Tryggvason hdl., sem mætti í málinu fyrir hönd gerðarbeiðanda, lýsti því yfir, að gerðin færi fram á ábyrgð gerðarbeiðanda, Kjartans Reynis Ólafssonar hrl., og væri um villu að ræða í fjárnámsbeiðni.

Niðurstaða.

Ekkert hefur fram komið í málinu, sem bendir til þess, að framsal Sigurjóns Ragnarssonar til gerðarbeiðanda á dómkröfunni í máli þessu sé ógilt. Samkvæmt því er Kjartan Reynir Ólafsson hrl. kröfueigandi í máli þessu, en ekki Sigurjón Ragnarsson. Með vísan í framangreint ber að taka til greina kröfu Kjartans Reynis Ólafssonar um, að umbeið þ fjárnám nái fram að ganga, enda fari gerðin fram á ábyrgð hans.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Krafa gerðarbeiðanda, Kjartans Reynis Ólafssonar hrl., að gert verði fjárnám hjá gerðarþola, Pétri Þór Sigurðssyni, til tryggingar skuld, að fjárhæð 35.000 kr., auk áfallins og áfallandi kostnaðar, er tekin til greina.
